

50/2021-2022.

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

13. gr. starfsreglnanna hljóðar svo:

Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 500 manns í þéttbýliskjarna. Nú búa fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna prestakalls og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til ef staðhættir, aðstæður á fasteignamarkaði eða söguleg og menningarleg rök réttlæta það.

Nú búa færri en 500 manns í þéttbýliskjarna prestakalls og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar 29. mars 2022.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.